



Ljósmynd: Sigurður Höfversson

Heilsugæslustöðin Reykjahlíð Hlíðarvegur 8, Mývatnssveit

Heilsugæslan Reykjahlíð þjónar grunnheilsugæslu í um 400 manna byggðarlagi allan ársins hring. Heilsugæslan þjónar einnig þeim fjölmörgu ferðamönnum sem heimsækja svæðið. Í húsnæði heilsugæslustöðvarinnar er aðstaða fyrir hjúkrunarfræðing, ljósmóður, sálfræðing, iðjuþjálfar, lækni, sjúkraliða, ritara og sjúkrajálfara. Lyfjaafgreiðsla eða apótek er í húsnæðinu. Heilsugæslustöðin er hluti af Heilbrigðisstofnun Norðurlands, HSN.

Verkkaupi:	Velferðarráðuneytið
Notandi:	Heilbrigðisstofnun Norðurlands
Umsjón og eftirlit:	Framkvæmdasýsla ríkisins, FSR Gíslína Guðmundsdóttir verkefnastjóri áætlunargerðar Sigurður Hlöðversson verkefnastjóri verklegrar framkvæmdar
Aðstoð við eftirlit:	Bragi Sigurðsson, Efla verkfræðistofa

Verkefnahópur:	Sveinn Magnússon skrifstofustjóri velferðarráðuneytinu Jón Helgi Björnsson forstjóri Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, HSN Dagbjört Bjarnadóttir hjúkrunarfræðingur HSN Fulltrúar FSR
-----------------------	--

Hönnun:	Arkaust sf - Björn Kristleifsson arkitekt Efla verkfræðistofa	Bygging og lóð Jarðvinna Burðarþol Lagnir Raflagnir
----------------	--	---

Verktakar:	Trésmiðjan Rein
-------------------	-----------------

Stærðir:	Hús:	237,1 m ²
	Lóð:	1.020 m ²
	Bílastæði:	7 stk.

Kostnaður:	115,6 m.kr.
-------------------	-------------

Skóflustunga:	16. september 2015
----------------------	--------------------

Verktími:	September 2015 - júlí 2016
------------------	----------------------------

Nýtt húsnæði heilsugæslunnar er bylting í aðstöðu heilbrigðisstarfsfólks og íbúa í Mývatnssveit en heilsugæslan leysir af gamalt íbúðarhús þar sem heilsugæslan hefur verið til

húsa frá 1984. Við þessa breytingu flyst sjúkrajálfun inn í nýju heilsugæsluna og er það framför í þjónustu við íbúa.